

Loksins skal hann í öllum tilfellum, þá er vafi verður á um, hvernig skilja beri þetta allramildlegasta leyfisbréf Vort, vera skyldur að fara eptir úrskurði dómsmálastjórnar Vorrar.

1864.
30. apríl.

Bönnum Vör öllum og sérhverjum að tálma því, sem að ofan er greint.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 30. dag aprílm. 1864.

Undir Voru konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildlegustu boði hans konunglegu hátignar.

Casse.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um fjárverði við Skoradalsvatn til að varna útbreiðslu fjárkláðans.

25. maí.

Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir með bréfi 6. febrúarm. þ. á. sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Kristjáni kammerráði Kristjánssyni og þrem öðrum sýslunefndarmönnum í Húnavatnssýslu, um að skipaðir verði nú í sumar tryggilegir verðir við Skoradalsvatn, að öllu leyti á sama hátt og í fyrra sumar, til að varna frekari útbreiðslu fjárkláðans; hefir amtmaðurinn getið þess, að eptir áreiðanlegum fréttum hafi kláðasýkin í vetur á ísbyggilegan hátt gjört vart við sig á ýmsum stöðum í suðurumdæminu, og lagt það til, að slíkur vörður, sem nú var um rætt, verði skipaður á þann hátt, að öll þrjú umdæmin taki jöfnum höndum þátt í kostnaðinum.

Eptir þeim kringumstæðum málsins, sem dómsmálastjórninni nú eru kunnugar, og einkum eptir því, sem þær, herra stiptamtmaður, hafði skýrt frá um, að Borgarfjarðarsýsla hafi meir en í eitt ár verið laus við kláðasýkina, og að sýkin hafi á afliðnum vetri aðeins gjört vart við sig á einstöku stað í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og þó mjög lítið, þá virðist stjórnarráðinu ekki vera næg ástæða til að gjöra fyrirskipun um þá ráðstöfun, sem hér er um rætt; mundi hún og, einkum þegar

1864.
25. maí.

svo er ástatt, sem nú er, verða mjög þungbær jafnaðarsjóðum amtanna. En ef ástandið hefir breytzt síðan þér, herra stípt-
amtmaður, senduð hingað hina síðustu skýrslu yðar, svo að nú
sé ástæða til að óttast fyrir, að sýkin geti útbreiðzt til hinna
amtanna, þá skorar stjórnarráðið á yður að hlutast til um, eptir
samkomulagi við hina tvo amtmennina, að tryggilegir verðir verði
skipaðir samkvæmt ofangreindri bænarskrá.

25. maí.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um reikninga fyrir Möðrufells spítalasjóð.

Um leið og þér senduð hingað nokkur prentuð exemplör af yfirliti yfir tekjur og gjöld hins íslenzka læknasjóðs (spítala-
sjóðanna) árið 1862, að undanskildum reikningi Möðrufells spítala,
hafði þér, háæruverðugi herra, í bréfi 17. dag nóvemberm. f. á.
bent dómsmálastjórninni á, hvort ekki muni vera hagfelldast,
að reikningarnir yfir eignir allra fjögra spítalanna, sem tilsamans
teknar eru hinn svo kalladi læknasjóður, séu á ári hverju prent-
aðir í einu lagi; hafði þér og farið þess á leit, að stjórnarráðið,
ef svo skuli vera, hlutist til um, að amtmaðurinn yfir norður-
og austurumdæminu sendi yður í tækan tíma ársreikninginn
yfir eignir Möðrufells spítala, til þess þér einnig getið undir-
skrifað hann og látið prenta hann með hinum spítalareik-
ningunum.

Um þetta efni skal yður hér með kunngjört, yður til leið-
beiningar, að stjórnarráðið fellst á bendingu yðar, þá er að ofan
er getið, og að amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu
hefir í dag verið ritað um, að senda yður í tækan tíma árs-
reikning fyrir spítala þann, sem hann hefir stjórn yfir.